

VILJAYFIRLÝSING UM VIÐRÆÐUR UM SAMGÖNGUR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra f.h. íslenska ríkisins og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu lýsa yfir vilja til þess að hefja viðræður um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Markmið þeirra er samkomulag um fjármagnaða áætlun um fjárfestingar í stofnvegum og kerfi almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við fyrirbyggjandi sameiginlegar tillögur frá febrúar 2018. Samkomulagið verði hluti langtímaáætlunar ríkisins í samgöngumálum til ársins 2033, fjármálaáætlunar 2020-2024 og fjárfestingaáætlana sveitarfélaganna með fyrirvara um samþykki Alþingis og viðkomandi sveitarstjórna.

Undirrituð eru sammála um að stefna skuli að sjálfbæru, kolefnishlutlausu borgarsamfélagi og öflugri almenningsamgöngum í takt við loftslagsáætlun stjórnvalda og áherslur sveitarfélaganna.

Forgangsroðun, fyrirkomulag fjármögnunar og útfærsla verkefna verði unnin í sameiginlegum verkefnahópi. Horft verður á alla samgöngumáta á höfuðborgarsvæðinu og tengingar við höfuðborgarsvæðið í heild sinni.

Tekið verður tillit til markmiða samgönguáætlunar 2019-2033, aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum 2018-2030, þ.m.t. orkuskiptum, svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins (Höfuðborgarsvæðið 2040) og áætlunar um loftgæði á Íslandi 2018-2029.

Til grundvallar liggja eftirfarandi gögn:

- tillögur stýrihóps samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðarinnar um bættar samgöngur á höfuðborgarsvæðinu frá febrúar 2018,
- tíu ára samningur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um tilraunaverkefni um bættar almenningsamgöngur,
- svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040,
- Höfuðborgarsvæðið 2040 – sýn Vegagerðarinnar, og
- önnur gögn sem gagnast viðræðunum.

Undirrituð lýsa yfir vilja sínum til að ræða nýjan samning um eflingu almenningsamgangna jafnframt því að ráðist yrði í framkvæmdir, sbr. samgönguáætlun og sameiginlegar tillögur stýrihóps samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðarinnar frá febrúar 2018.

Í samræmi við ofangreint yrði unnið að því að eyða flöskuhálsum til þess að bæta umferðarflæði og efla umferðaröryggi. Undirrituð eru sammála um að bæta almenningsamgöngur og að framkvæmdir við hágæða almenningsamgöngur hefjist á árinu 2020. Jafnframt verði skoðaðar nýjar fjármögnunarleiðir, m.a. með nýrri gjaldtöku ríkisins og gjaldtökuheimildum til handa sveitarfélögum.

Undirrituð eru sammála um að verkefnahópur undir forystu Hreins Haraldssonar fyrirverandi vegamálastjóra leiði viðræðurnar. Að auki tilnefni aðilar tvo fulltrúa hvor um sig en hópnum er jafnframt heimilt að kalla til aðra sérfræðinga ríkis og sveitarfélaga. Reglulegir sameiginlegir fundir fulltrúa samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, stýrihóps Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðarinnar verða haldnir á meðan viðræðurnar standa yfir.

Undirrituð lýsa yfir vilja sínum til að verkefnahópurinn leiði, að þessum viðræðum loknum, til lykta málefni Sundabrautar.

G. Pálsson 25 AHO
JG 1570


Niðurstöður viðræðna munu m.a. felast í tillögum til Alþingis um breytingar eða nánari útfærslu á fyrirleggjandi tillögu að samgönguáætlun og samningum um framvindu og fjármögnun sem lagðar verða fyrir ríkisstjórn, borgar- og bæjarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu til staðfestingar.

Niðurstöður viðræðna skulu liggja fyrir eigi síðar en 15. nóvember 2018.


Reykjavík, 21. september 2018.




Sigurður Ingi Jóhannsson,
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra




Arman Kr. Ólafsson,
bæjarstjóri í Kópavogi
Formaður Samtaka sveitarfélaga
á höfuðborgarsvæðinu




Ásgerður Halldórsdóttir
bæjarstjóri á Seltjarnarnesi




Dagur B. Eggertsson,
borgarstjóri í Reykjavík



Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri í Garðabæ



Haraldur Sverrisson,
bæjarstjóri í Mosfellsbæ



Rósa Guðbjartsdóttir,
bæjarstjóri í Hafnarfirði